

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk stúdenta til háskólans. — Gísli Guðmundarson, stúdent frá lærða skólanum í Reykjavík, hafði ferðazt 20. oktr. hingað til háskólans á þann hátt, að hann fór frá Íslandi til Leith með eimskipinu Camoens, þaðan með eimskipi til Hamborgar og svo áleiðis til Kaupmannahafnar; kostaði ferðalag þetta hann 219 kr. 5 au. og sótti hann svo til ráðgjafans um að fá þessa upphæð endurgoldna; og í dag hefir ráðgjafinn eftir atvikum veitt honum ferðastyrk þennan, er hann sótti um, og gjört ráðstöfun til, að honum verði greidd upphæðin úr aðalfjárhirzlunni sem gjaldgrein fyrir hönd jarðabókarsjóðsins íslenska.

Jafnframt því, sem jeg tjái yður þetta þjónustusamlega, herra landshöfðingi, skal jeg jafn-þjónustusamlega á yður skora að annast um, að það verði kunngjört þeim, er hlut eiga að máli, að íslenskir stúdentar, sem ferðast hingað til háskólans, geta eigi framvegis átt von á því, að þeim verði endurgoldinn sá hluti ferðakostnaðar þeirra, sem fer fram yfir þá upphæð, er ferðin mundi kosta með einhverju af pósteimskipunum; og eins, að þess muni krafizt, að beiðni þeirra um endurgjald ferðakostnaðar verði fylgja látnir kvíttjeraðir reikningar fyrrið greiðslu fargjalds og fæðis á skipinu.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta. — Af tje því, sem veitt er í 13. gr., A, b, 4 fjárlaganna, hafði hin íslenska sýnóða upphaflega ætlað þeim uppgjafa-prestum, er lausn höfðu fengið eptir að lögin um eptirlaun presta 27. febr. 1880 náðu gildi, 240 kr.; en í ráðgjafabrjefi 26. ágúst. p. á. er svo mælt, að heimild bresti til að verja fjenu til styrktar þessum prestum. Hafið þjer svo, herra landshöfðingi, með þóknarl. brjefi dags. 12. p. m. skotið því til úrlausnar ráðgjafans, hvort eigi megí nú skipta tje þessu samkvæmt ákvörðun, er stiptsyfírvöldin hafa um þetta gjört með heimild sýnóðunnar, milli 5 uppgjafapresta, er þjer nefnið í brjefi yðar og lausn höfðu þegið áður en lögin 27. febr. 1880 náðu gildi.

Af tilefni þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknar-legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn hefir ekkert á móti að upphæðinni, sem um er að ræða, verði skipt milli uppgjafapresta, sem lausn hafa þegið áður en ofan-nefnd lög náðu gildi.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um bústað sýslumannsins. — Í brjefi frá 5. p. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt mjer frá, að þjer hafið í byggu að breyta um bústað og að setjast fyrst um sinn að á Kálfafelli í Fljótshverfi og getið þjer þess, að þjer hafið borið mál þetta undir hvern einstakan sýslunefndarmann í báðum Skaptafellssýslunum og að enginn þeirra hafi haft neitt á móti því.

Fyrir því vil jeg tjá yður að jeg fellst á að bústaður yðar verði fyrst um sinn á Kálfafelli í Fljótshverfi.

— Brjef landshöfðingja til Hannesar stýrimanns Haflíðasonar um styrk til að kenna sjómannafræði. — Út af beiðni yðar í brjefi frá 25. p. m. vil jeg tjá yður, að jeg sje fús á að veita yður 40 kr. styrk fyrir hvern pilt, sem þjer í vetur kennið stýrimannafræði, þó ekki meira en alls 200 kr., með því skilyrði, að kunnátta lærisveina yðar verði að liðnum kennslutímanum reynd með opinberu prófi, er stiptsyfírvöldin kveðji prófdóm-anda að, og að það þá komi fram, að piltarnir hafi tekið þeim framförum í sjómannafræði,

29. dag desbr.mánaðar 1882.